

165

7. okt.

AUGLÝSING

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hrísey, nr. 146 30. október 1948.

1. gr.

Við 21. gr. b. bætist nýr flokkur, sem orðist svo:

13. flokkur. Gjald 80 aurar fyrir hver 100 kg: Hraðfrystur fiskur.

2. gr.

22. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Skip og bátar, sem leggja afla sinn á land í Hríseyjarhöfn eða umhlaða honum á hafnarsvæðinu, skulu greiða gjald af afla, miðað við brúttó söluverð, þannig:

Af þorskveiðum 1%.

Af síldveiðum $\frac{1}{3}$ %.

3. gr.

Nýr liður bætist við hafnarreglugerðina, er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan ekki er öðruvísi ákveðið og brún þörf er á vegna kostnaðarsamra umhöta á höfninni, er heimilt að innheimta öll gjöld, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, með allt að 50% álagi. Heimild þessi nær þó ekki til hækkunar gjalds á hraðfrystum fiski í 13. flokki, sbr. 1. gr. hér að framan.

4. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. október 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

166

7. okt.

FLOKKUNARREGLUR

og skrá yfir fasteignaiðgjöld fyrir Brunabótafélag Íslands.

FASTEIGNAIÐGJÖLD**I. KAFLI****Almennar reglur um ákvörðun iðgjalda.**

1. gr.

Reglur þessar gilda um hvers konar byggingar. Öll iðgjöld eru reiknuð af váttryggingarverði eða því verðmæti, sem upp hefur verið gefið, ef ekki er váttryggt samkvæmt virðingu.

2. gr.

Iðgjöldin eru fyrir váttryggingu í eitt ár, og greiðast þau fyrir fram.

Sé um váttryggingu fyrir styttri tíma að ræða, reiknast $\frac{1}{2}$ hluti ársiðgjalds fyrir